

Skjal þetta veitir þér mikilvægar upplýsingar um fjárfestingar í sjóðnum. Það er ekki markaðssetningarefni. Þessar upplýsingar eru lögboðnar og þeim er ætlað að hjálpa þér að fá betri skilning á sjóðnum og þeim áhættuþáttum sem tengjast fjárfestingum í honum. Það er mælt með að þú lesir skjalið vandlega þannig að þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort þú fjárfestir eða ekki.

SKAGEN Focus A - hlutabréfasjóður [EUR]

ISIN: NO0010735129

Sjóðnum er stýrt af SKAGEN AS (org. nr. 867 462 732).

Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið

Markmið sjóðsins er að gefa eigendum hlutdeildarskírteina bestu mögulega ávöxtun fyrir þá áhættu sem sjóðurinn tekur með virkri stýringu á eignasafni alþjóðlegra hlutabréfa.

Fjárfestingarstefna

Sjóðurinn notar UFS-sambættingaráætlun til að styðja við fjárfestingarumboðið. Varan er því hér með flokkuð undir grein 8 samkvæmt reglugerðinni um upplýsingagjöf um sjálfbærar fjárfestingar. Frekari upplýsingar er að finna í viðauka við útboðslýsingu sjóðsins eða í upplýsingagjöfinni á vefsíðum okkar: <https://www.skagenfunds.is/about-us/sustainable-investing/sustainable-funds>

SKAGEN Focus er sjóður í virkri stýringu með alþjóðlega fjárfestingarheimild. Stefna sjóðsins er að fjárfesta í vanmetnum, traustum fyrirtækjum þar sem eignasafnsstjórnarnir geta greint skýra hvata til þess að hægt verði að innleysa raunverulegt virði þeirra. Eignasafnið getur haft að geyma félög af hvaða markaðsverðmæti sem er, með meirihluta áhættuskuldbindingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Til þess að draga úr áhættu leitast sjóðurinn við að halda góðri samsetningu fyrirtækja með því að greina grunnáhættuþætti.

Þessir áhættuþættir eru mældir, fylgst er með þeim og þeir bornir saman. SKAGEN leggur yfirleitt áherslu á langtímafjárfestingar og tengir meira virði við grundvallarþætti en þróun til skamms tíma á markaðinum. Sem stendur fjárfestir SKAGEN Focus ekki í afleiðum.

Viðmiðunarvísitala

Viðmiðunarvísitala sjóðsins er MSCI All Country World Daily Total Return Net \$ í NOK.


Arður

Arður sem sjóðurinn fær er endurfjárfestur sjálfkrafa í sjóðnum og myndar þannig hluta af andvirði hlutdeildarskírteinanna.

Fjárfestingatímabil

SKAGEN Focus hentar fjárfestum sem horfa til lengri tíma en 5 ára. Hægt er að kaupa og innleysa hlutdeildarskírteini alla virka daga í Noregi. Minnsta kaupupphæð er EUR 50. Innlausn tekur venjulega 2-3 daga áður en upphæðin er færð inn á bankareikning þinn. Samkvæmt norskum lögum um verðbréfasjóði skal innlausn afgreidd eins fljótt og unnt er og ekki síðar en 2 vikum eftir móttöku innlausnarbeiðnar.

Áhættuprófíll



Minni áhætta

meiri áhætta

Hugsanlega lægri ávöxtun

Hugsanlega hærri ávöxtun

Mælikvarðinn mælir áhættuna vegna verðsveiflna. Samkvæmt áhættumatinu sem byggist á sögu dæmigerðs verðbréfasafns (e. representative portfolio) um óstöðugleika og reiknað er út frá vikulegum gögnum sem fengin eru á undanförunum fimm árum fellur SKAGEN Focus A í flokk 6. Það þýðir að kaupum á hlutdeildarskírteinum fylgir mikil áhætta á verðsveiflum. Staða sjóðsins á áhættukvarða er ekki föst og getur tekið breytingum yfir tíma.

Áhætta tengist fjárfestingum í sjóðnum vegna breytinga á markaði, þróunar á gjalddeyrismarkaði, vaxta, hagsveiflna, og sérstakra ástæðna tengdum atvinnugreinum og fyrirtækjum. Dreifing hlutabréfafjárfestinga í eignasafninu endurspeglar

hugmyndafræði SKAGEN á sviði fjárfestinga, þar sem áhersla er lögð á fyrirtæki. Þessi hugmyndafræði tekur meðal annars tillit til verðmats fyrirtækisins, samsetningu vara og markaða, skuldsetningar og seljanleika fjármálagerningsins. Til viðbótar við lögbundnar kröfur gerir SKAGEN eigin kröfur varðandi dreifingu fjárfestinga milli ólíkra gerða atvinnugreina og seljanleika þeirra fjármálagerninga sem sjóðurinn fjárfestir í. SKAGEN hefur útbúið innri verklagsreglur til að minnka líkurnar á rekstrarmistökum sem gætu haft áhrif á sjóðinn.

Ávöxtun sjóðsins getur sveiflast töluvert innan einstakra ára. Tap eða hagnaður einstakra eigenda hlutdeildarskírteina getur því ráðist af tímasetningu kaupa eða innlausna hlutdeildarskírteina. Sjóðurinn geymir ráðstöfunarfjármagn sitt í takmörkuðum fjölda verðbréfa. Þetta getur leitt til meiri sveiflna í verðmæti sjóðsins en ef fjárfest væri í miklum fjölda verðbréfa. Sjóðurinn tryggir dreifingu áhættu með fjölbreytni í fjárfestingum. Áhættustjórnunin byggir á þáttum sem geta haft áhrif á grundvallarverðmæti fyrirtækjanna og tekjur þeirra.

Kostnaður

Viðskiptagjöld	
Áskriftargjald	0 %
Innlausnargjald	0 %
Áskriftargjald er hámark mögulegs frádráttar frá áskriftarupphæð við útgáfu hlutdeildarskírteina. Innlausnargjald er hámark mögulegs frádráttar frá innlausnarupphæð fyrir útborgun hennar.	
Árlegur umsýslukostnaður sjóðsins	
Umsýslugjald	1,60 %
Breytilegt umsýslugjald sem greiðist við ákveðin skilyrði	
Breytilegt umsýslugjald	Betri/verri þróun verðmætis fjárfestinga en í tilvísunarvísitölu, uppreiknað daglega, skiptist á milli eigenda fjármagnsins og sjóðsstjómenda, í hlutföllunum 90/10. Árleg heildarumsýslugjöld reiknast að hámarki 3,20 % og að lágmarki 0,80 %. Breytilegt umsýslugjald fyrir árið 2021 var - 0,20 % af eign undir eignastýringu í einingaflokknum. Heildargjald 2021: 1,40 %

Engin gjöld vegna áskriftar eða innlausnar eru lögð á bein viðskipti við SKAGEN. Milliliðir á borð við söluaðila og ráðgjafa kunna hins vegar að innheimta gjald vegna áskriftar og/eða innlausnar. Hafðu samband við ráðgjafa þinn varðandi frekari upplýsingar.


Umsýslugjald sýna fjárhæðir sem greiddar voru fyrir stjórnun, stjórnsmátt, markaðssetningu og annan kostnað sem dregur úr ávöxtun sjóðsins. Gjöldin standa fyrir raunverulegar tölur frá síðasta almanaksári og geta breyst frá ári til árs. Umsýslugjald reiknast daglega og greiðist ársfjórðungslega. Breytilegt umsýslugjald er reiknað út daglega og gjaldfært árlega. Afkomuþóknun kann að vera innheimt þrátt fyrir neikvæða þróun í innlausnarvirði sjóðsins á hverja einingu ef afkoman er betri en viðmiðið.

Allur kostnaður sem stýringarfyrirtækið þú getur skuldfært á sjóðinn er innifalinn í föstu umsýslugjaldi að undanskildu:

- Breytilegu umsýslugjaldi
- Kostnaði sem ræðst af umfangi viðskipta
- Óreglulegum gjöldum

Varðandi frekari upplýsingar um kostnað, sjá lið 2, § 5 og § 7 í útboðslýsingu sjóðsins sem er aðgengileg á www.skagenfunds.is

Söguleg ávöxtun



Ávöxtun í fortíð er engin trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Framtíðarávöxtun mun ráðast meðal annars af markaðsaðstæðum, færni sjóðsstjórans, áhættuþrófil sjóðsins og umsýslugjöldum. Ávöxtunin getur orðið neikvæð vegna verðlækkana á hlutabréfum.

Allar ávöxtunartölur eru í EUR að frádregnum kostnaði (nánar um kostnað í kaflanum Kostnaður).

Gjaldmiðill sjóðsins er NOK.

Sjóðnum var stofnaður 26.05.2015.

Gagnlegar upplýsingar

Vörsluaðili:	J.P. Morgan SE - Oslo Branch
Nánari upplýsingar:	Frekari upplýsingar, NAV, útboðslýsingu, almenna viðskiptaskilmála, ársskýrslur og markaðsskýrslur frá SKAGEN má nálgast á www.skagenfunds.is . Gildandi starfskjarastefna rekstrarfélagsins, þ.m.t lýsing á því hvernig starfskjör og önnur hlunnindi eru ákvörðuð, er að finna á www.skagenfunds.is/about-us/investor-protection/remuneration-schemes . Prentuð eintök eru einnig fánleg án endurgjalds.
Skattar:	SKAGEN Focus er skattskyldur í Noregi. Skattskylda fjárfesta fer eftir því landi sem þeir eru búsettir og/eða eru skattskyldir í. Hafðu samband við skattaráðgjafa þinn varðandi frekari upplýsingar.
Ábyrgð:	SKAGEN AS er einungis ábyrgt fyrir yfirlýsingum í þessu skjali sem kunna að reynast vera villandi, rangar eða ekki í fullu samræmi við hluta af útboðslýsingu sjóðsins.